

3. 5. 2011

Iðnaðarnefnd Alþingis

720. mál

Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á vatnalögum nr. 15/1923, með síðari breytingum, og lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með síðari breytingum.


Erindi um ofangreint efni barst undirrituðum með tölvupósti 18. apríl og af óviðráðanum ástæðum gat ég ekki lesið hann fyrr en 27. apríl og frestur veittur til 2. maí. Þessi frestur er því miður of stuttur og bíður í raun ekki upp á annað en hraðlestur og hugsanlega minniháttar tillögur um um orðalagsbreytingar. Eftir sem áður mun ég gera tilraun til að koma á framfæri almennum athugasemdum um nefnd lög.

- (1) Ég skil það svo að þessi lög taki í raun aðeins til vatnsafls og jarðhitasvæða í eigu ríkisins. Lög ættu að taka til orkulindinna í heild sinni.
- (2) Ekki er það sjálfgefið að sama lengd um afnotarétt gildi um vatnsafl og jarðhita.
- (3) Raforkulögin frá 2003 opnuðu á breytingar sem hafa valdið miklum skaða, sbr. fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur og undirbúning að byggingu álvers í Helguvík. Alþingi skyldi endurskoða lög í ljósi fenginnar reynslu.
- (3) Það fer ekki milli mála að einstök jarðhitasvæði (jarðhitakerfi) eru varmanámur. Ef vinnsla er umfangsmikil munar nánast ekkert um endurnýjun varmans í einstökum kerfum. Evrópusambandið skilgreinir jarðvarmaorku (geothermal energy) sem endurnýjanlegan orkugjafa og skilgreinir hugtakið svo: "Varmi undir hinu fasta yfirborði jarðar". Það er ekki rétt að að þýða orðið geothermal energy yfir á íslensku með orðinu jarðhiti.
Vissulega væri það til bóta að stytta leigutíma úr 65 í 40 ár en sú breyting ein sér dugar ekki. Ákvæði þurfa að vera til staðar í lögum sem skilgreina stærð virkjunar en sú skilgreining verður að byggja á beinum gögnum um vinnslueiginleika hvers jarðhitasvæðis. Alþingi ætti fremur að ljúka gerð lagasetningar fremur en að hafa þau opin, a.m.k. að hluta með því að afsala heimildum til ráðherra.
- (4) Eignaréttur á jarðhita samkvæmt lögum skapar ýmis vandamál og þyrfti að endurskoða lögin með því að taka tillit til eðlis auðlindarinnar án þess þó að verða letjandi á nýtingu eða skerða réttindi landeigenda til þess að nýta jarðhita fyrir eigin þarfir. Í fyrsta lagi getur landeigandi nýtt jarðhita með borunum utan eigin lands samkvæmt gildandi lögum. Í öðru lagi er ekki mögulegt að meta verðmæti auðlindarinnar fyrirfram ef selja ætti land þar sem jarðhita er að finna. Til þess þarf boranir. Einfaldast væri að ríkið ætti allan jarðhita en að landeigendur gætu nýtt hann á eigin landi til eigin nota.
- (5) Í raforkulögnum frá 2003, nr. 65, 1. gr segir að markmið laganna sé að koma á samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku með almannahagsmuni að leiðarljósi. Í V. kafla Orkulaga nr. 58/67 eru hitaveitur skilgreindar sem aðveitulögn og dreifikerfi eftir því sem ég fæ best skilið. Þessi skilgreining er ekki í samræmi við hefð. Borholur og jarðhitaréttindi eru hluti af hitaveitum. Jafnframt er jarðhiti til hitaveitunotkunar

staðbundin auðlind þar sem samkeppni verður ekki við komið alveg eins og vatn til neyslu og iðnaðar. Öll lög sem taka til jarðhitaauðlindarinnar þurfa að taka mið af þessu.

- (6) Ef setja skal heildstæð lög um orkulindir á Íslandi verður það ekki gert nema með sterkri aðkomu einstaklinga sem hafa góða þekkingu á auðlindinni sjálfri.
- (7) Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur fram að vatns- og jarðhitaréttindi sem eru í eigu ríkis eða sveitarfélaga, beint eða óbeint, haldist áfram í eigu þeirra. Lögin eiga að vera skýr í þessum efnum og ekki í athugasemdum, t.d.: Vatns- og jarðhitaréttindi sem nú eru í eigu ríkis og sveitarfélaga skulu vera það áfram. Þessi réttindi má ekki selja, ekki einkaaðilum, öðrum sveitarfélögum eða ríkinu.
- (8) Gildandi auðlindalög, nr. 57/1998 veita heimild til að veita tímabundinn afnotarétt að orkulindum í eigu opinberra aðila. Þessi heimild er hæpin því hún býður upp á þann möguleika að einkaaðilum sé veitt einokunaraðstaða, nefnilega aðstaða sem fellur utan samkeppni og slíkt stangast á við almannahagsmuni samkvæmt mínum skilningi. Hjá Evrópusambandinu ríkir samkeppni á orkumarkaði. Hér þarf að hafa í huga að orkugjafinn er að mestu leyti keyptur á markaði, kol, jarðgas og úran (kjarnorka). Þetta býður upp á möguleikann að lækka raforkuverð með samkeppni milli þeirra sem áhuga hafa á að reisa orkuver. Orkulindir Íslendinga eru annars eðlis og því dugar ekki að semja orkulög að Evrópskri fyrirmynd eins og gert hefur verið á Íslandi að því ég best fæ séð.
- (9) Eitt atriði sem væri áhugavert að skoða bæði miðað við upplýsingar hér á landi og eins erlendis, er hvort samkeppni á raforkumarkaði hefur leitt til lækkunar eða hækkunar á raforkuverði. Ef um lækkun er að ræða, þá má til sannsvegar færa að það er í almannapágu en er það svo ef um hækkun er að ræða. Þetta er það grundvallarmál sem afgreiða þarf með rökum áður en stefnan er tekin með lagasetningu.
- (10) Ekki hef ég nákvæmt yfirlit í huga mér um lög sem tengjast nýtnu orkulinda á Íslandi. Þó hef ég gluggað nokkuð í raforkulögin, lög um mat á umhverfisáhrifum og sveitarstjórnarlög. Mér finnst allri þessari lagasmíð sé ábótavant og þörf á endurskoðun þeirra allra.

Með bestu kveðjum



Stefán Arnórsson
Próf. í jarðefnafræði